


# Púlsinn

Skólablað Grundaskóla

# Kveðja frá skólastjóra

Ágætu lesendur, hér kemur enn á ný nýtt eintak af Púlsinum, skólablaði Grundaskóla. Allt frá upphafi hefur skólinn gefið út skólablað til að skrá og halda utan um söguna. Að venju hefur fjölmargt gerst frá útgáfu síðasta tölublaðs. Grundaskóli stækkar með hverju árinu, nýtt fólk kemur til starfa og hinir elstu setjast í helgan stein. Lífið heldur áfram og fjölmörg spennandi skólaverkefni eru í gangi í stórum og öflugum skóla. Sem alltaf fyrr leggjum við áherslu á að vera jákvætt hreyfiafl og hluti af samfélaginu á Akranesi. Að vera mennta- og þjónustustofnun fyrir bæinn þar sem menntun nemendanna er þungamiðja starfsins.

Á þessu starfsári hafa ytri aðstæður verið skólafólki erfiðar. Samfélagið okkar breytist á ljóshraða. Það er ekki bara Covid heimsfaraldur sem veldur vanda heldur einnig starfrænn heimsfaraldur. Hin ýmsu snjalltæki eru farið að hafa slík áhrif á uppeldismál og heimilislíf að venjuleg samskiptamál ganga ekki eðlilegan gang. Þörfin fyrir væntumþykju og stuðning hefur aldrei verið meiri. Það að láta sig aðra varða og vera tilbúinn til að liðsinna á erfiðum stundum hefur aldrei verið meira aðkallandi.

Breyttar ytri aðstæður kalla einnig á áherslubreytingar í skólastarfinu. Í stað þess að kennarar og annað fagfólki horfi til kennslubókarinnar er aldrei mikilvægara en nú að skipulag náms sé sem fjölbreyttast og samstarf milli heimilis og skóla sé sem best. „Menntun fyrir alla“ er ekki einhver klisja heldur raunverulegt verkefni. Við verðum öll að halda saman utan um nemendur og vinna markvisst saman að efla börnin okkar.

Fyrir nokkrum árum tók Grundaskóli upp þá stefnu að hefðbundið nám ætti að vera í skólanum en heimanámið ætti að felast í sameiginlegum verkefnum og styðja við lestur fyrst og fremst. Í umræðunni tók fólk því svo að það ætti ekkert heimanám að vera. Sú túlkun var ekki rétt því það er nauðsynlegt að styðja við nemendur í náminu og hvetja á allan hátt. Sá stuðningur felst m.a. í að ræða um skólaverkefnin og vinna að ýmsum málum saman heimavið. Það að kaupa inn, að fjölskylda matreiði saman eða ræði verkefni dagsins getur verið frábært heimaverkefni. Það að hver og einn fjölskyldumeðlimur hverfi inn í sitt snjalltæki og eigi lítil samskipti kallar á vandamál.

Miklar húsnæðisframkvæmdir standa nú fyrir dyrum í skólanum og segja má að nýr Grundaskóli verði byggður á næstu þremur árum. Starfsfólk og nemendur hafa staðið frammi fyrir mikilli áskorun á þessu ári og skólastarfið dreifst um allan bæ. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður heldur skólastarfið áfram að þróast og starfið í miklum blóma. Hér á eftir má lesa um fjölmörg áhugaverð verkefni sem hafa verið unnin í ólíkum árgöngum. Kraftmikið starf einkennir þennan skóla, bjartsýni er ríkjandi og við horfum fram á betri tíma.

Í nútíð og hvað þá til framtíðar er starf okkar mikil áskorun. Skólasamfélagið þarf allt að leggjast á árarnar og gera betur. Verkefni okkar er bæði mikilvægt og stórt. Það er að stuðla að sem bestum árangri í að gera hvern og einn nemanda að betri manneskju.

Látum jákvæð viðhorf, metnað fyrir öflugu og fjölbreyttu skólastarfi, tiltrú á ágæti allra nemenda, fjölbreytni og umburðarlyndi vera okkar leiðarljós til framtíðar.

*Sigurður Arnar Sigurðsson*

## Öflug sveit foreldra stendur á bakvið skólann

Samkvæmt lögum ber að hafa foreldrafélag í grunnskólum og kjósa fulltrúa foreldra og hagsmunaaðila í skólaráð. Í Grundaskóla er um 10% foreldra sem sinna sjálfboðaliðastörfum fyrir skólann og sinna ýmsum verkefnum s.s. í skólaráði, stjórn foreldrafélags eða sem bekkjarfulltrúar í öllum tíu árgöngunum. Umræddir foreldrafulltrúar eru skólanum bæði til stuðnings í ýmsum verkefnum og umræðum en einnig til aðhalds um að halda úti öflugu og faglegu skólastarfi.

Stefna skólastjórnar er að efla mjög formlega fræðslu til foreldra og samstarf milli heimilis og skóla.

Fulltrúar í fulltrúaráði eru a.m.k. fimm fyrir hvern árgang eða 55 fulltrúar.

Ný stjórn foreldrafélags skipa:
*Ólöf Helga Jónsdóttir*
*Anna María Þórðardóttir*
*Hannes Sigurbjörn Jónsson*
*Gréta Jónsdóttir*
*Marsibil Björk Eiríksdóttir*
*Einar Gestur Jónasson*
*Kristján Kristjánsson*

Fulltrúar foreldra í Skólaráði eru:
*Ingunn Þ. Jóhannesdóttir*
*Guðrún Lind Gísladóttir*
*Jón Þór Þórðarson*

# Baráttan við COVID

Það er ótrúlegt hvað við erum fljót að gleyma. Þegar við rennum yfir Weduc fréttamiðilinn okkar má finna ótrúlega margar greinar sem tengjast heimsfaraldrinum á einn eða annan hátt. Það er ljóst að við, eins og allt samfélagið, upplifðum margs konar erfiðleika, breytingar á skólastarfinu og fengum upp í hendurnar fjölbreytt verkefni sem engan hafði órað fyrir að væru handan við hornið. Hér má sjá nokkrar af fyrirsögnunum:

**Við skulum hafa samfélagssáttmálann í heiðri**

**Við erum öll almannavarnir**

Erfið staða á Akranesi - Covidsmit greinast

Baráttan við Covid heldur áfram

Förum varlega - öll sem eitt

Til upplýsingar:
Engin Covid19 smit hafa verið greind í Grundaskóla síðustu daga og engir hópar starfsmanna eða nemenda

Skóli fellur niður hjá 1. – 9. bekk á fimmtudag vegna bólusetningar

Vegna hrað- og sjálfsprófa

HERTAR SÓTTVARNARREGLUR TAKA GILDI

Skólahald næstu daga:
Vegna fjölda smita í samfélaginu verður ekkert mötuneyti á næstunni

LOKSINS BALL HJÁ UNGMENNUNUM OKKAR

**Mikið var nú gott þegar mötuneytið opnaði í dag fyrir alla árganga að nýju**

**Skipt um kúrs í sóttvörnum**

Skólastarf hefst samkvæmt stundaskrá á mánudag eftir stutt Covidhlé

# Skólastjórn Grundaskóla 2021-2022

Eins og öllum er kunnugt um þá glímir skólinn við húsnæðis-eklu þessi misserin og unnið er að framtíðaruppbyggingu. Til þessa hefur skólinn starfað á þremur stigum þ.e. yngsta stig, miðstig og unglingastig. Í ár er starfsskipu-lagið annað en stigin eru nú fjögur í stað þriggja auk frístundar.

Skipulagsbreytingar miða að því að gera enn betur og við reynum að bæta þjónustu við bæði nemendur og foreldra. Hvert stig hefur sinn deildarstjóra en þeir ásamt skólast-jóra skipa skólastjórn Grunda-skóla.

Deildarstjórar vinna með starfs-fólki á sínu stigi og eru öllum málum kunnugir. Þeir fara fyrir starfsmannahópi og foreldrar geta snúið sér beint til deildarstjóra á sínu stigi ef eitthvað vantar eða ábendingar eru um hluti sem betur mega fara í starfi okkar.

Í góðri samvinnu milli heimilis og skóla ætlum við að gera góðan skóla enn betri.

Sigurður Arnar Sigurðsson,
*skólastjóri Grundaskóla.*
sigurdur.arnar.sigurdsson@grundaskoli.is

Flosi Einarsson,
*aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri 9. - 10. bekkur.*
flosi.einarsson@grundaskoli.is

Margrét Ákadóttir,
*deildarstjóri 6. - 8. bekkur.*
margret.akadottir@grundaskoli.is

Valgerður Jóna Oddsdóttir,
*deildarstjóri 4. - 5. bekkur.*
valgerdur.oddsdottir@grundaskoli.is

Kristrún Dögg Marteinsdóttir,
*deildarstjóri 1. - 3. bekkur.*
kristrun.marteinsdottir@grundaskoli.is

Magnea Guðlaugsdóttir
Rakel Rósa Þorsteinsdóttir
*deildarstjórar frístundar*
magnea.gudlaugsdottir@grundaskoli.is
rakel.rosa.thorsteinsdottir@grundaskoli.is


## Púlsinn

Skólablað Grundaskóla.
Ábyrgðarmaður: Sigurður Arnar Sigurðsson

Grundaskóli
Espigrund 1
300 Akranesi

http://www.grundaskoli.is
grundaskoli@grundaskoli.is
433-1400

Grundaskóli
Akranesi

# *Ýmsar fréttir úr skólalífinu*

## 9. bekkur í haustþema

Áherslan hefur verið á nærum-hverfið ásamt fjölbreyttum verk-efnum sem tengjast m.a. sveppum, plöntum og smádýrum.
Í dag notuðum við tækifærið og skoðuðum hvalreka í fjörunni í landi Kjaranstaða. Um er að ræða kálf af Langreyði. Krakkarnir áttu að skrifa niður 3 lýsingarorð sem tengdust þeirra upplifun á staðnum og spá í lengd, þyngd og ummáli skepnunnar. Virkilega skemmti-legur dagur og frábær 7 km göngu-túr í flottu haustveðri.



## Náttúrufræði í 2. bekk

Þessa dagana erum við að læra um skordýr, áttfætlur, pöddur, ána-maðka og fleiri skemmtileg smádýr. Við erum búin að vera að lesa okkur til og fræðast um dýrin. Við erum búin að fara í vettvangsferð og leita uppi smádýr. Við settum nokkur í krukkur og skoðuðum í smásjá eða með stækkunar-gleri. Þetta er skemmtileg vinna og við erum mjög áhugasöm um lífríki náttúrunnar.



## Skólahlaupið

Nemendur og starfsmenn Grunda-skóla stóðu sig vel í skólahlaupinu í dag. Margir kílómetrar voru hlaup-nir og gaman að sjá hvað útiveran og hreyfingin gerði öllum gott.



## Sjónlistir í myndmennt

Fyrsta “Rúlla” með 7. bekk leið undir lok. Miklir og sterkir vindar! Öflug börn og gríðarlega skemmti-legt samstarf.
Við skoðuðum aðeins Paul Jack-son Pollock. Reyndum eftir öllum leiðum að hugsa ekki of mikið heldur tengjast tilfinningum og leyfa tilviljun, náttúrulegri hreyf-ingu og gleði að ráða för. Þá notuðum við ljóð og tónlist til inn-blásturs. Sköpunarferlið var stund-um eldfimt en framfarir miklar!



## Langar frímó á unglingastiginu

10. september hittist unglinga stig-ið í fyrsta skiptið á þessu skólaári. Krakkarnir fá langar frímínútur annan hvern föstudag og í þetta skiptið voru þær niðri í Arnardal. Með þessu náðu nemendur í 8.-10. bekk að sameinast og blandast sem var kærkomið.



## Sköpun, stærð-fræði og tækni

Í smiðju datt 7. bekkur í lukku-pottinn og fær á haustönninni að spreyta sig á spennandi verk-efni sem er samþætt úr nokkrum greinum þar á meðal, stærðfræði, teikningu, sköpun, textíl og tækni. Verkefnið felst í því að nemendur reikna út og teikna með hringfara blóm/mandölu. Blómið er á frjáls-an hátt litað svarhvítt. Ljósmynd er tekin af blóminu og myndin færð inn í Inkscape forritið þar sem það er unnið enn frekar og þá bæði sem 2D mynd og 3D mynd. 2D myndin er svo skorin út í fatafilmu og sett á verkefni sem unnið er í textíl-mennt. 3D myndin er unnin áfram í 3D forritinu Tinkercad og svo að lokum prentað út í 3D prentara.



# Málverk af Gutta afhjúpað á Alþingi

Málverk af Guðbjarti Hannessyni (Gutta), fyrrverandi forseta Alþingis og skólastjóra Grundaskóla, var afhjúpað í Skála Alþingishússins í gær að viðstöddum forseta Alþingis, fjölskyldu, vinum og samstarfsfólki Guðbjarts úr Samfylkingunni, og fleiri gestum.
Stephen Lárus Stephen listmálari málaði myndina og verður henni komið fyrir í efri deildarsal.
Guðbjartur var alþingismaður Norðvesturkjördæmis frá árinu 2007 þar til hann lést, 23. október 2015. Hann var þingmaður fyrir Samfylkinguna. Guðbjartur Hannesson var forseti Alþingis árið 2009, var félags- og tryggingamálaráðherra og heilbrigðisráðherra 2010 og velferðarráðherra 2011–2013.
Guðbjartur eða bara Gutti eins og hann var jafnan kallaður af nemendum og samstarfsmönnum var fyrsti skólastjóri Grundaskóla árið 1981 og fylgdi skólanum eftir allt til 2015 er hann féll frá.
Við í Grundaskóla fögnum því að þessum hæfileikaríka skólamanni, bæjarfulltrúa, þingmanni og ráðherra sé sýnd þessi virðing á Alþingi Íslendinga.



# Líf og fjör í haustskólanum

Í þessari viku hefur verið Haustskóli í Grundaskóla þar sem nemendur af elstu deildum leikskólanna hafa komið í heimsókn til okkar í Grundaskóla og fengið að máta sig í skólaumhverfinu. Nemendur úr 1.bekk hafa einnig fengið að heimsækja sína gömlu leikskóla. Mikil tilhlökkun hefur verið fyrir þessum heimsóknum og markmiðið með þeim hefur verið að skapa meiri samfellu í námi nemenda á milli þessara skólastiga. Viðfangsefnin voru af ýmsum toga en nestistímarnir voru líklega hápunktur heimsóknarinnar.



# Flóttamannabúðir í 8. bekk

Það sem af er skólaári hefur 8. bekkur verið að vinna þemaverkefni um mannréttindi og læra um fólk á flótta. Í gær fengu nemendur vegabréf í hendur þar sem þeir þurftu að fylla út upplýsingar um sjálfa sig sem flóttamenn frá Sýrlandi. Í morgun þegar nemendur mættu í skólann tók starfsfólk á móti þeim sem enskumælandi landamæraverðir á Ítalíu. Búið var að setja upp þrjár stöðvar sem flóttafólkið þurfti að fara í gegnum og fylla ýmiskonar pappíra til að komast áfram til Evrópu, allt á ensku. Til dæmis þurfti fimm manna fjölskylda að fara í gegnum vegabréfaeftirlit, taka fingraför, útskýra ástæðu þess að þau séu að flýja landið, útvega sér hjúskapar- og fæðingarvottorð sem búið var að koma fyrir hjá hinum ýmsu starfsmönnum skólans. “Ítalski” Rauði krossinn var á svæðinu og útdeildi brauðsneið og sopa af vatni þegar fólkið nálgaðist leiðarenda. Þetta reyndi á þolinmæði og þrautseigju nemenda en allir komust að lokum til Evrópu og vonandi mun þetta skilja eftir sig skemmtilegar minningar þó þetta hafi reynst þeim erfitt á köflum.



# Stafurinn minn

Lestrarkennsla er bæði fjölbreytt og skemmtileg og nær til allra námsgreina í skólanum. Við eigum öll fallegan upphafsstaf og hver er ekki stolt/ur af sínum staf?



# Myndlist í snjónum

Það er fátt fegurra en glöð andlit á björtum degi í snjónum. Hérna er meistarahópur í 4. bekk að gera listaverk í snjónum. Einnig morgunhanarnir í 6. bekk sem fóru hress og kát út í morgun og létu verkin tala! Svona blómstrar menningin í Grundaskóla.



# Vika sex

Vika sex er kennsluvika þar sem allir grunnskólar og félagsmiðstöðvar fræðast um kynlíf og öllu sem því fylgir. Síðustu þrjár vikur höfum við tekið smá forskot á sæluna og verið að fræðast um kynlíf og kærleik í gegnum mannslíkamabókina.

Þessa vikuna erum við búin að spjalla um rómantík, fara á SjúkÁst fyrirlestur, læra merkingu á skrítnum orðum og horfðum á þættina *Myndin af mér*, sem fjallar um stafrænt kynferðisofbeldi. Á morgun er viðburðaríkur dagur en krakkarnir eru að fá smokkakennslu, lesa upp úr bókinni Fávitar og leira kynfæri.




# Áhugasviðstengd listsköpun

Í haust hófst þróunarverkefnið Áhugasviðstengd listsköpun með menntun án aðgreiningar að leiðarljósi. Grundaskóli fékk styrk úr Sprotasjóði til að koma verkefninu í framkvæmd. Hluti verkefnisins var að fá utanaðkomandi tónlistarmann til að vera með tónlistarsmiðju. Benni Hemm Hemm hefur verið með smiðju síðustu tvær vikur ásamt Kristjáni tónlistarkennara. Virkilega gaman er að fylgjast með þessu öfluga og skemmtilega starfi.



# Gullskórinn 2021

Það voru 4. bekkingar sem stóðu uppi sem sigurvegarar í keppninni um Gullskóinn þetta skólaárið. Hann er veittur þeim árgangi sem er duglegastur að nota virkan ferðamáta í og úr skólanum. Þess má geta að keppnin var hörð og voru nemendur Grundaskóla mjög duglegir að koma gangandi/hjólandi í skólann á meðan keppnin var. Við vonum að það haldi áfram því ávinningurinn er ekki aðeins bundinn við andlega og líkamlega vellíðan heldur er þetta einnig umhverfisvæn og hagkvæm leið til að komast á milli staða. Hér má sjá 4. bekkinga taka á móti Gullskónum.



# Klúbbastarf í Frístund

Við í frístund byrjuðum með klúbbastarf í dag og var það fyrsti hópurinn í slímgerðarklúbbnum sem byrjaði. Í slímgerðarklúbbnum byrja krakkarnir á að gera slímleir sem er úr hárnæringu og maísmjöli og fá þau að velja lit á slímið og glimmer. Við munum einungis gera slím úr óskaðlegum efnum. Klúbbarnir eru fjölbreyttir og eru krakkarnir mjög spenntir fyrir þeim.



# „Þetta er alveg ótrúlega gaman og frábært tækifæri að fá að taka þátt.“

Nú eru nokkur frístundavalsnámskeið á vegum Grundaskóla lokið og fer þátttakan fram úr björtustu vonum. Foreldrar og forráðamenn hafa verið duglegir að skrá sig á námskeið með börnum sínum og vonandi verður aðsókn áfram góð fram á sumar. Þátttakendur voru mjög sáttir og vildu helst fá að mæta aftur. Næstu námskeið er að byrja og á næstu dögum verður dansnámskeið auglýst ásamt fleiru. Frístundavalið er hugsað fyrir nemendur og forráðamenn í Grundaskóla. Fjölbreytt tækifæri til að gera eitthvað skemmtilegt saman.



# Barnaþing

Barnaþingið var haldið í annað sinn dagana 3.-4. mars. Þingið er einstakur vettvangur fyrir samráð við börn og er niðurstöðum barnaþings ætlað að vera mikilvægt framlag til stefnumótunar til framtíðar í málefnum barna á Íslandi. Verndari barnaþings er Frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands. Það voru tveir nemendur úr Grundaskóla sem tóku þátt í þinginu en það eru þau Ármann Marvin Sigurðsson í 6. bekk og Vigdís Birna Arnþórsdóttir í 8. bekk. Þau voru bæði spennt og

glöð að fá tækifæri til að taka þátt. Það sem stóð upp úr hjá Vigdísi og Ármanni var að hitta forsetann, ráðherra og þingmenn. Það sem þau tóku með sér eftir þessa daga er að virða skoðanir annarra og mikilvægi barnasáttmálans fyrir öll börn í heiminum. Einnig fannst Vigdísi Birnu gaman að fá tækifæri til þess að skrifa kveðju til Frú Vigdísar Finnbogadóttur og Ármanni Marvini fannst gaman að fá tækifæri til þess að spjalla við Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra.

Við í Grundaskóla erum stolt af frumkvæði og þátttöku þeirra. Það er mikilvægt að nýta hugmyndir og viðhorf ungs fólks til að finna lausnir á ýmsum málum. Áherslur um nemendalýðræði eru vaxandi í skólastarfi og vonandi eigum við eftir að eiga fleiri fulltrúa á þessu vettvangi á næstu misserum.





## Lokakvöld upplestrarkeppninnar

Það var virkilega gaman að fylgjast með nemendum okkar taka þátt í lokakeppni upplestrarkeppninnar sem haldin var í Tónbergi. Nemendur lásu brot úr bókinni Akam, ég og Annika en bókin hlaut íslensku barnabókaverðlaunin þetta árið. Þeir lásu einnig tvö ljóð að eigin vali. Gestur kvöldsins var rithöfundurinn Eva Björk Ægisdóttir fyrrverandi nemandi Grundaskóla. Hún hvatti nemendur áfram og sagði frá leið sinni að rithöfundastarfinu. Allir keppendur stóðu sig með mikilli prýði en krýndir voru sigurvegarar Grundaskóla og Brekkubæjarskóla. Það voru þær Tinna Björg Jónsdóttir úr Grundaskóla og Lilja Dís Lárusdóttir úr Brekkubæjarskóla sem stóðu uppi sem sigurvegarar. Í aðdraganda keppninnar var efnt til teiknamyndasamkeppni til að prýða boðskortið og þar urðu myndir Helenu Óskar úr Grundaskóla og Lilju Dísar úr Brekkubæjarskóla fyrir valinu. Allir nemendur stóðu sig virkilega vel og við getum verið stolt af unga fólkinu okkar.



## Fyrstu dagarnir í Portúgal

Fyrstu dagarnir í Portúgal fara vel af stað hjá hópi nemenda úr Grundaskóla sem eru þátttakendur í Erasmus+ verkefninu Climate Change and Biodiversity.

Á laugardagskvöld þegar komið var til Ponte de Lima tóku nemendur úr portúgalska skólanum ásamt fjölskyldum þeirra á móti nemendum okkar og fóru með þau inn á heimilin sín þar sem þau ætla að gista út vikuna. Þar fengu einhverjir af krökkunum okkar kvöldmat sem samanstóð meðal annars af svínseyrum og svínaspenum sem algengt er að borða hér í Portúgal. Sunnudeginum eyddu krakkarnir með fjölskyldunum og fóru meðal annars á markað í miðbænum og á fótboltaleik þar sem einhverjir af portúgölsku nemendunum voru að keppa.

Í dag var svo fyrsti skóladagurinn en hann byrjaði með frábærri opnunarhátíð þar sem nemendur voru boðnir velkomnir, haldnar voru ræður af stjórnendum og nemendur voru með atriði á borð við söng og dans. Krakkarnir okkar fengu svo að sitja venjulega kennslustund í stærðfræði og borðuðu svo í skólanum. Eftir hádegi var farið niður í bæ þar sem farið var í ratleik til að kynnast sögu bæjarins og fleiru. Ein af stöðvunum í ratleiknum var heimsókn á leikfangasafn sem krökkunum fannst mjög skemmtilegt. Eins voru spurningar sem þau þurftu að svara tengt umhverfisvitund. Krakkarnir voru í blönduðum hópum þar sem nemendur frá öllum þátttökulöndunum þurftu að vinna saman. Með okkur í þessu verkefni eru nemendur frá Portúgal, Finnlandi og Kýpur.



## Heimsókn 4. bekkjar á Bókasafn Akraness

Í mars fór 4. bekkur í fróðlega heimsókn á Bókasafn Akraness, Ásta bókasafnsfræðingur fór yfir allt það sem börn þurfa að vita um safnið. Börnin stóðu sig virkilega vel og spurðu margra spurninga. Vonandi eiga nú allir krakkar í 4. bekk bókasafnskort.



# Glæsilegur sigur í Stíl - hönnunarkeppni Samfés

Stíll er árviss viðburður þar sem ungmenni um allt land keppa í fatahönnun og förðun. Í ár fór keppnin fram í Lindaskóla í Kópavogi en þemað tengt hönnun var geimurinn. Þrjár stöllur úr 10. bekk Grundaskóla kepptu í ár, þær Arina, Kristrún og Helga. Undir öflugri leiðsögn Eyglóar Gunnarsdóttur, textílkennara í Grundaskóla mætti hópurinn vel undirbúinn til keppni. Hópurinn hefur unnið að undirbúningi frá því í október á síðasta ári og sá undirbúningur skilaði bikar í hús. Glæsilegur sigur í Stíl 2022 - hönnunarkeppni Samfés.





# Afmælishátíð í 2. bekk

Í dag héldum við afmælishátíð í 2.bekk. Börn fædd fyrri hluta árs komu með veitingar á hlaðborð og buðu bekkjarfélögum sínum. Einnig mátti koma með dót að heiman. Það má segja að borðið hafi svignað undan góðum veitingum og börnin létu ekki sitt eftir liggja við að smakka veigarnar. Þegar allir voru orðnir saddir var farið að leika með dótið , inni sem úti. Það er því óhætt að segja að mikið fjör hafi verið hjá okkur 2. bekkingum í dag.



# Pangea keppnin

Fjórir nemendur í 9. bekk kepptu í úrslitum í Pangea stærðfræðikeppninni í morgun. Frábær árangur hjá þeim. Þetta eru þau Elísa, Ísólfur, Íris Arna og Morten.




# Nýsköpunarkeppni Grunnskólanna

Nemendum í 6. bekk gafst kostur á að taka þátt í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna 2022. Margir nemendur í Grundaskóla tóku þátt og voru hugmyndirnar eins og fyrr einstaklega fjölbreyttar og skemmtilegar. Í keppnina sjálfa bárust mikið magn af umsóknum víðs vegar af landinu. Einungis 25 umsóknir komust þó áfram í úrslit. Ein þeirra var hugmyndin hennar Þóru Guðmundsdóttur í Grundaskóla. Hugmyndin hennar heitir Táknmálatækið og er app sem þýðir talað mál yfir á táknmál. Aldeilis frumleg og hjálpleg hugmynd hér á ferð. Þann 19. - 20. maí tekur Þóra þátt í vinnusmiðju á vegum NKG og fær þar tækifæri til þess að vinna að hugmynd sinni ásamt þeim sem komust í úrslit. Laugardaginn 21. maí verður lokahóf og úrslitastund. Við í Grundaskóla óskum Þóru til hamingju með árangurinn og góðs gengis í keppninni!



# Myndlistarsýning

Haldin verður myndlistarsýning á vegum Grundaskóla 31. maí - 2. júní í gamla Landsbankahúsinu. Á sýningunni má m.a. sjá listrænt myndband gert af efnilegum myndlistarkonum í 7. bekk.

7. bekkur ætlar að vera með formlega opnun og kynningu á sínum verkum frá 17:00-19:00 1. júní! Hvert verk er einstakt og engar eftirprentanir verða gerðar af verkum nemenda. Fyrstur kemur fyrstur fær!



# Árshátíðarvika hjá unglingunum

Á fimmtudaginn verður loksins árshátíð fyrir unglingana okkar og er árshátíðarvika í tilefni þess. Í dag var „Anything but a backpack day“ þar sem krakkarnir mættu með allt annað en skólatösku í skólann. Þau mættu m.a. með ferðatösku, örbylgjuofn, ruslafötu, bala, hjólbörur, innkaupakerru og fleira.



# Sjóferð um sundin blá

Sjóferð um sundin er skemmtileg og lærdómsrík sjóferð í boði Faxaflóahafna. Nemendur í 6. bekk fræðast um fugla- og sjávarlíf. Einnig fórum við á Sjóminjasafnið þar sem nemendur gátu skoðað það sem tengist sjónum og sjómennsku. Við stoppuðum síðan í Mosfellsbæ þar sem við borðuðum og lékum okkur áður en við héldum heim. Ferðin heppnaðist vel þar sem veðrið lék við okkur allan tímann.



# Skákmót í 5.-7.bekk

Skákmót 5.-7. bekkjar fór fram í vikunni. Þá kepptu bekkjarmeistarar til úrslita í stúlkna- og drengjaflokki. Allir keppendur stóðu sig með mikilli prýði og geta verið stoltir af sjálfum sér. Vinningshafi hjá strákunum var Einar Orri Brandsson 5.EK en hjá stelpunum voru fimm stúlkur jafnar eftir átta skákir. Þær kepptu svo innbyrðis og var það Maren Rún Jónsdóttir 5. SÞ sem stóð uppi sem sigurvegari eftir úrslitaskák við Telmu Kristínu Ingvarsdóttur 7. CBRC. Allir keppendur fengu viðurkenningarskjal og skákbók að gjöf auk þess sem Maren Rún og Einar Orri fengu farandbikar.



# Sveitaferð á Bjarteyjarsand

Hin árlega sveitaferð fyrir nemendur í 2. bekk var farin síðastliðinn þriðjudag. Eins og alltaf fengum við góðar móttökur frá heimamönnum og dýrunum þar á bæ. Nemendur skemmtu sér konunglega bæði í fjárhúsinu og í fjörunni. Ferðin var frábær endir á skemmtilegri vinnu um dýrin síðustu vikurnar.



# Geðlestin í heimsókn

Í dag kom Geðlestin í heimsókn með fyrirlestur fyrir nemendur í 8.-10. bekk. Geðlestin er geðfræðsla sem byggir á þeirri staðreynd að við búum öll við geð rétt eins og við erum með hjarta. Öflug geðrækt frá unga aldri út lífið er besta ráðið til að takast á við þær áskoranir sem lífið færir okkur.
Geðhjálp og Rauði Kross Íslands standa fyrir þessum fyrirlestri og hafa nú farið í um 130 skóla. Þau sem komu til okkar í dag voru Guðný frá Geðhjálp, Ísold frá Rauða Krossinum auk þess sem Ingólfur Sigurðsson fótboltamaður sagði frá sinni reynslu. Í lokin kom Emmsjé Gauti og flutti tónlistaratriði.



# Leyndardómar efnafræðinnar afhjúpaðir

Í dag bauð 9. bekkur foreldrum sínum upp á skemmtilega sýningu á sal Grundaskóla. Þar voru leyndardómar efnafræðinnar afhjúpaðir með hinum ýmsu tilraunum sem flestar fólu í sér litadýrð, reyk eða gos. Vel heppnuð sýning hjá krökkunum í 9.bekk að lokinni lotu í efnafræði.



# *40 ára starfsafmæli Grundaskóla*

Í dag, miðvikudag höldum við upp á 40 ára afmæli Grundaskóla en hann var fyrst settur 6. október 1981. Við fögnum farsælu skólastarfi þar sem stofnunin hefur vakið athygli fyrir frumkvæði, metnað og góðan árangur. Skólinn er öflug menntastofnun sem hefur notið mikillar velgengni öll starfsár sín. Þá velgengni má helst þakka samstarfi allra þeirra sem koma að skólastarfinu nemendum, foreldrum, starfsmönnum og stuðning Akraneskaupstaðar.



Á níunda áratug síðustu aldar var mikil skólamálaumræða um að nauðsynlegt væri að gera gagngerar breytingar á skólum og breyta kennsluháttum. Grundaskóli var í upphafi stofnaður í anda nýrra hugmynda og strax á fyrsta ári varð skólinn þekktur fyrir að fara ótroðnar slóðir í kennslumálum. Skólinn var oft kenndur við umræðu um svokallað opið skólastarf en slíkir skólar voru þekktir fyrir að brjóta upp bekkjarstarf og halda teymisvinnu á lofti.

Á fyrstu starfsárum Grundaskóla voru ekki allir bæjarbúar sammála um hugmyndafræði og starfshætti skólans og í eitt skipti var skólanum lýst sem allsherjar lausagöngufjósi. Þessi lýsing hefur oft verið tekin upp og rædd innan og utan skólans en í stað þess að líta á þessa lýsingu sem neikvæða hafa menn séð þessa umsögn sem hin bestu meðmæli. Skólinn á að vera lifandi vinnustaður sem kemur til móts við ólíkar þarfir og hæfileika nemenda.



Frá fyrsta degi hefur skólastarfið byggt á ákveðnum grunngildum sem eru samvinna, traust og virðing. Áhersla er lögð á að hafa trú á nemendum og byggja á styrkleikum þeirra. Allir geta gert eitthvað en enginn allt. Hagsmunir nemenda hafa ávallt verið í fyrirrúmi öll þessi fjörtíu ár.

Grundaskóli er góður skóli af því að þar eru frábærir nemendur, öflugur foreldrahópur og góðir starfsmenn. Lengst af fór Guðbjartur Hannesson (Gutti) fyrir skólastarfinu og hugmyndafræði hans og áherslur lifa enn í dag. Annar skólastjóri skólans var Hrönn Ríkharðsdóttir en hún hætti störfum sem skólastjóri við skólann árið 2016 eftir farsælan feril sem kennari og stjórnandi í skólastofnunum Akraneskaupstaðar.

Í dag starfa um eitt hundrað og tuttugu starfsmenn við skólann og nemendur eru tæplega 680. Grundaskóli er orðinn einn af fjölmennustu skólum landsins en þrátt fyrir það er enn sama hugsun við líði og á fyrstu starfsdögunum. Mikill metnaður fyrir skólastarfinu og skólasamfélagið samstillt í að sækja fram og gera ávallt sitt besta.

Grundaskóli nýtur þess á margvíslegan hátt að á bakvið skólastarfið stendur samstilltur hópur sem er reiðubúinn til að leggja hönd á plóg þegar á þarf að halda. Hollusta við skólann er kannski besta umsögnin um gott skólastarf. Er skólinn hlaut árið 2005 fyrstur grunnskóla íslensku menntaverðlaunin var eftirfarandi umsögn höfð eftir nemendum. „Við útskrifumst úr Grundaskóla en við yfirgefum skólann aldrei.“

Fjölmargir af núverandi starfsmönnum skólans eru fyrrverandi nemendur. Í dag er hlutfallið 35% og fer hækkandi með hverju árinu. Hér er gott að nema og hér er gott að starfa. Grundaskóli er fyrirmyndar vinnustaður og hefur hlotið margvísleg verðlaun og viðurkenningar fyrir framsækið skólastarf og farsælt starfsmannahald. Til marks um gæði vinnustaðarins má geta að margar umsóknir berast um hvert auglýst starf og fagfólk skipar hverja kennarastöðu og menntunarstig er hátt.





Þegar 40 ára starfsafmæli Grundaskóla er fagnað ber að þakka öllum þeim sem lagt hafa skólanum lið á þessum árum og óska þess að framtíðin verði jafn farsæl og hingað til. Það er ekki sjálfgefið fyrir Akraneskaupstað að eiga svo öfluga skólastofnun. Við sem nú störfum við skólann heitum því að halda merki Grundaskóla hátt á lofti og leggja okkur öll fram við að reka fyrirmyndarstofnun á allan hátt.

Grundaskóli stendur á tímamótum á þessu afmælisári. Framundan er gríðarleg uppbygging og endurbætur á skólahúsnæði stofnunarinnar. Allar þessar endurbætur taka mið af upphaflegum hugmyndum um skólastarf. Hugsjón og leiðarljós forvígismanna mun áfram blómstra í starfinu. Nýtt skólahúsnæði mun taka mið af nýjum kröfum og tækniþróun til framtíðar og uppbyggingaráform einkennast af miklum metnaði og skarpri skólasýn. Framtíð skólans er björt og hér mun áfram unnið um ókomin ár að þróttmiklu og árangursríku skólastarfi til heilla fyrir nemendur okkar og bæjarfélag.

Ég óska nemendum, starfsfólki og Akurnesingum öllum til hamingju með 40 ára afmæli Grundaskóla.

***Sigurður Arnar Sigurðsson,***
skólastjóri Grundaskóla











*Myndir frá afmælisdeginum 6. október 2021*

# Hunangsflugur og Villikettir

Eins og margir vita er löng hefð fyrir uppsetningu frumsaminna söngleikja í Grundaskóla. Ævintýrið hófst í febrúar 2003 þegar söngleikurinn Frelsi var frumsýndur við frábærar undirtektir Skagamanna. Söngleikurinn var saminn af þeim Flosa Einarssyni og Gunnari Sturlu Hervarssyni og var frumsamin tónlistin gefin út á geisladiski. Nemendur í 8.-10 bekk tóku þátt í uppsetningunni með góðri hjálp frá foreldrum og starfsfólki skólans. Þessi uppsetning tókst svo vel að þar var strax ljóst að slíkt verkefni var mjög spennandi fyrir nemendur að taka þátt í, eitthvað sem gaf þeim frábært tækifæri til að koma fram, rækta áður óþekkta hæfileika og ekki síst að kynnast fleiri nemendum en bara sínum árgangsfélögum. Eftir ævintýrið með Frelsi var ákveðið að fara í slíkt verkefni á þriggja ára fresti þannig að nemendur í unglingadeild fengju alla vega eitt tækifæri til að taka þátt í stórum söngleik. Næsta verkefni var söngleikurinn Hunangsflugur og Villikettir (Haust 2005) en þá bættist Einar Viðarsson í hóp höfunda. Sama var uppi á teningnum með þennan söngleik því Skagamenn flykktust einnig á sýningar og höfðu gaman af. Næstu árin litu síðan nýir söngleikir dagsins ljós á þriggja ára fresti og eiga þeir það allir sameiginlegt að aðsókn var frábær og viðtökur glimrandi góðar. Má þar nefna söngleikina Vítahringur, Draumaleit, Nornaveiðar, Úlfur, úlfur og Smellur.

Aðstæður urðu síðan til þess að ekki var hægt að halda þriggja ára reglunni vegna fjöldatakmarkana á samkomum sem orsökuðust af Covid-faraldrinum. Í stað þess að fella alveg út söngleikjastarfið ákváðum við að sýna söngleik sem eingöngu var unninn af nemendum í 10. bekk. Söngleikurinn var eingöngu í boði fyrir nemendur skólans og foreldra þátttakenda. Um var að ræða söngleikinn Úti er ævintýri sem er byggður á lögum og atburðum úr eldri söngleikjum skólans. Þetta verkefni gekk fádæma vel og sýndi okkur enn og aftur hversu mikils svona vinna er fyrir nemendur og ákváðum við því að prófa þá leið að setja upp söngleik eða eitthvað annað skapandi verkefni á hverju ári sem eins konar kveðju- eða lokaverkefni nemenda í 10. bekk.

Á þessu skólaári kom upp sú hugmynd að 10. bekkur myndi setja upp einn af eldri söngleikjum Grundaskóla og varð niðurstaðan að setja upp Hunangsflugur og Villiketti á nýjan leik. Eins og áður sáu þeir Einar Viðarsson og Gunnar Sturla Hervarsson um leikstjórn og Flosi Einarsson sá um tónlistarstjórn. Auk þess sá Eygló Gunnarsdóttir um búningahliðina og Angela Árnadóttir um dansana.

Þessi söngleikur fjallar um átök milli tveggja hópa í litlu samfélagi eins og Akranesi og reyndar notfærðu höfundar sér nokkra atburði og jafnframt tíðarandann úr sögu Akraness frá tímabilinu í kringum 1970. Það er skemmst frá því að segja að uppsetningin gekk vel en þó ekki áfallalaust því áðurnefndur Covid-faraldur setti töluvert strik í reikninginn á uppsetningartímanum og mikið var um veikindi á bæði nemendum og starfsfólki. Einnig má geta þess að einn af aðalleikurunum fótbrotnaði daginn fyrir frumsýningu en lét það ekki á sig fá og mætti á hækjum á sviðið og stóð sig með sóma. En það virðist sem söngleikurinn Hunangsflugur og Villikettir eigi enn fullt erindi við áhorfendur því aðsókn var frábær og viðtökurnar eftir því.


















# Húsnæðið og skólalóðin

Það er óhætt að segja að við höfum staðið í stórræðum á þessu skólaári þegar kemur að endurnýjun húsnæðis og betrumbótum á skólalóð. Á þessu ári fengum við kærkomna viðbót við Eyjuna, sem gerir okkur kleift að hýsa bæði 4. og 5. bekk sem um leið skapaði betra rými annars staðar í húsinu. Eins og flestir vita hefur lokun C-álmu þrengt mjög mikið að okkur sem þýðir t.d. að 10. bekkur stundar nú nám í húsnæði FVA. Fyrirhugað er að breyta stjórnunarálmunni í kennslurými sem þýðir að á næsta skólaári reiknum við með að fá 10. bekkinga aftur heim. Enn fremur hafa miklar endurbætur verið gerðar á B-álmu (Unglingadeild) þar sem gömlu rennihurðirnar hafa nú vikið fyrir nýjum hurðum og gluggum sem þýðir að allt rýmið verður bjartara. Einnig var unnið að því að betrumbæta skólalóðina auk þess sem kynntar voru teikningar að glænýrri C-álmu. Auk þess er nú bygging nýs íþróttahúss á Jaðarsbökkum hafin og því má segja að við horfum fram á bjartari tíma hér í Grundaskóla. Hér á eftir skulum við rifja upp nokkrar fréttir sem tengjast framkvæmdum.



## Skólalóðin

Við látum verkin tala. Þessa dagana keppast starfsmenn Grundaskóla og verktakar við að undirbúa komandi skólaár. Stórframkvæmdir eru bæði á skólalóð og í skólahúsnæði. Við stefnum hátt og á næstu tveimur árum munu ótrúlegar breytingar verða í Grundaskóla í takt við nýja tíma.



## Nýr og glæsilegur Grundaskóli í uppbyggingu

Eins og áður hefur komið fram hefur bæjarstjórn Akraneskaupstaðar ákveðið að ráðast í umfangsmiklar endurbætur á skólahúsnæði Grundaskóla. Þessar endurbætur tengjast m.a. lausum kennslustofum á skólalóð skólans, endurbyggingu á C- byggingu sem hýsir yngsta stig skólans ásamt verk- og listgreinum, að Grundaskóli taki við húsnæði Garðasels og endurbætur og endurhönnun á B-álmu unglingastigs og stjórnunarálmu. Að lokum er það uppbygging íþróttamannvirkja á Jaðarsbökkum sem mun gjörbreyta aðstöðu skólans til kennslu skólaíþrótta.




Í stuttu máli má segja að nú sé unnið að byggingu á nýjum skóla því framkvæmdir eru svo umfangsmiklar og tengjast mörgum atriðum. Til að skólasamfélagið fái betri yfirsýn ætlum við að kynna helstu þætti.

## C- álman yngsta stig/verk og listgreinar

Hér má sjá mynd að nýjum og betri Grundaskóla. Byggt er yfir anddyri og innganga þannig að aðgangur er allur betri. Lyftur settar í skólahúsnæðið og þriðja hæðin byggð upp. Skólinn stækkar töluvert og aðstaða bæði nemenda og starfsmanna verður miklu betri. Nýtt loftræstikerfi kemur í bygginguna sem tryggir miklu betri loftgæði á öllu hæðum byggingarinnar. Vonast er til að byggingarframkvæmdum sé lokið í árslok 2024.

Verk- og listgreinálman verður nánast óþekkjanleg. Hrein bylting verður í aðstöðu og aðbúnaði.



## Inngangar/anddyri

Yngstu bekkirnir fá aðskilda innganga þar sem betra pláss er fyrir útifatnað, blautsvæði, inn- og útgöngu. Mest er breytingin fyrir yngstu nemendurna því útistiginn verður nú inni í skólabyggingunni.





# Ný C bygging (yngsta stig)

Allt er miklu bjartara, hærra til lofts og í raun er yngsta stigið allt önnur bygging en var. Kennslustofum fjölgar og skólinn er hannaður með nútíma kennsluhætti í huga. Unnið er með hljóðgæði, birtu, rými og loftgæði. Sjón er sögu ríkari.



# Gömlu stjórnunarálmunni breytt í kennslurými

Stjórnunarálmu skólans er breytt í kennslusvæði. Skrifstofa skólans fær betri vinnuaðstæður og þjónusta hennar er aukin við nemendur, foreldra og allt skólasamfélagið. Verulegar breytingar eru gerðar þannig að opnuð eru fundarherbergi fyrir nemendur, starfsmenn og foreldra. Ný tækni er tekin í notkun varðandi skráningu, fjarfundi o.fl. Opið vinnurými og tækniþjónusta kemur á miðsvæði og þrjár nýjar kennslustofur.



# Unglingastigið endurbætt

Miklar endurbætur hafa verið gerðar á unglingastigi. Innréttingum hefur verið breytt, gluggar settir til að birta upp miðrými, ný lýsing o.m.fl. Allt eru þetta breytingar sem eru virkilega vel heppnaðar. Hönnun er nú samræmd þeim sem eru í undirbúningi í nýbyggingu.



# Framkvæmdir við Grundaskóla - umferð takmörkuð

Verktakar vinna nú að því að reisa nýjar kennslustofur við Eyjuna. Vegna þessa er bílastæðum við skólann lokað og umferð um Víkurbraut takmörkuð á morgun. Við hvetjum nemendur og starfsmenn til að ganga til og frá skóla. Jafnframt fögnum við þessum tímamótum sem eru enn ein sönnun þess að mikið uppbyggingarferli stendur yfir við skólann. Það styttist með hverjum mánuðinum sem líður að skólinn hafi náð fullri reisn og allir bekkir komi inn í hús á ný.



# Nýbyggingar við Eyjuna að verða klárar

